

Sp.

137. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1964.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Frumvarp til fjárlaga hlýtur að þessu sinni afgreiðslu við sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu, aðstæður, sem eingöngu hafa skapað vegna stefnu núverandi ríkisstjórnar, sem var svo seinheppin í upphafi göngu sinnar að kenna sig við viðreisn. Um þessar mundir hafa um 20 þúsund launþegar í landinu orðið að sameinast í verkfallsbaráttu til þess að freista þess að fá bættu þá kjaraskerðingu, sem verðbólguþefna ríkisstjórnarinnar hefur valdið.

Stóraukin þjóðarframleiðsla undanfarin ár, sem á rót sína einkum að rekja til mikillar aukningar á aflamagni, hefði vissulega átt að hafa í för með sér bættu afkomu þeirra, sem tryggt hafa framleiðsluaukninguna með vinnu sinni. En samtímis því, að sumarsildveiði hefur verið meiri en dæmi eru til áður og þjóðin hefur notið góðs af algerlega nýjum framleiðsluþætti, þar sem er hin mikla vetrarsildveiði, hafa launþegar ekki svo mikið sem haldið þeim hlut sínum, sem þeir höfðu að afloknum 15 síldarleysissumrum, er viðreisnarstjórnin tók við völdum árið 1959, en kaupmáttur tímakaupsins er nú um 20% lægri en hann var þá.

Þessi kjararýrnun hefur verið framkvæmd með því, sem viðreisnarforingjarnir kalla sjálfir „gengislækkunarleik“, og í kjölfarið stóraukinni skattheimtu til ríkisins. Sú aukna skattheimta er framkvæmd með því að láta tollaprósentu haldast sem mest óbreytta þrátt fyrir gengislækkunirnar og reiknast af stórhækkun vöruverði. Þar á ofan hefur verið bætt stórfelldum söluskatti.

Skattheimta til ríkisins hefur á valdatíma núverandi ríkisstjórnar verið aukin svo gífurlega, að tollar og skattar á fjárlagafrumvarpi fyrir næsta ár eru ráðgerðir a. m. k. 1450 millj. kr. hærri en þeir voru á fjárlögum 1959 og hafa því hækkað að meðaltali um 37% á ári. Má þó búast við, að við 3. umræðu fjárlaga hækki þessi upphæð enn.

Jafnhliða þessari stórfelldu hækkun á sköttum og tollum hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til þess, að sú byrði lendi hlutfallslega meir á herðum þeirra, sem erfiðasta aðstöðu hafa til að bera hana, láglaunamanna í landinu. Að sama skapi hefur skipulega verið unnið að því að draga úr skattabyrðum hinna efnameiri, og er það í fullu samræmi við alla stefnu ríkisstjórnarinnar gagnvart hinum lægst launuðu.

Sá hluti skattheimtunnar, sem miðaður er við tekjur og eignir gjaldenda, stíghækkandi með auknum tekjum og eignum, hefur hlutfallslega verið stórlega minnkadur, en þeir þættir skattheimtunnar, sem eru beinir neytluskattar á brýnustu lífs-

nauðsynjar og leggjast þyngst á stærstu fjölskyldurnar, hafa verið auknir að sama skapi. Lækkun tekjuskattsins hefur fyrst og fremst komið hinum tekjuhærri að gagni, þar sem hinir lægra launuðu greiddu lága tekjuskatta. Svo sem sýnt hefur verið fram á hér á Alþingi með tilvitnunum í skattskrár, eru þess dæmi, að tekjuskattar á tilteknum hópi hátekjumanna hafa á þennan hátt verið lækkaðir að meðaltali um 15 sinnum hærri upphæð en tekjuskattar á tilteknum hópi jafnmargra lágtekjumanna.

Árið 1958, síðasta árið áður en viðreisnarstjórnin komst til valda, var skattheimtunni til ríkisins á þann veg hagað, að af hverjum 100 kr., sem gjaldendur greiddu samanlagt í tolla, söluskatt, tekjuskatt og eignarskatt, nam tekju- og eignarskatturinn 22 krónum, en söluskattur og tollar 78 krónum. Á árinu 1964 er skv. fjárlagafrumvarpinu ráðgert, að hliðstæðar tölur verði 12 krónur og 88 krónur. Hlutfallstölur tekju- og eignarskatta annars vegar og neytluskatta hins vegar voru 1958 1:3.5, en eru áætlaðar 1:7.9 á næsta ári.

Í 15. hefti Nordisk Kontakt á þessu ári eru birtar niðurstöðutölur fjárlagafrumvarps danska ríkisins. Þar er skattheimtunni á annan veg hagað. Af hverjum 100 krónum, sem Dönnum er á næsta ári ætlað að greiða samanlagt í tekjuskatt, eignarskatt, tolla og neytluskatta, nema tekju- og eignarskattarnir 41 krónu, en tollar og neytluskattar 59 krónum. Viðreisnarstefnan virðist a. m. k. að þessu leyti ekki eiga upp á pallborðið hjá dönskum sósíaldemókrötum.

Afleiðingarnar af verðbólgu- og skattþíningarstefnu ríkisstjórnarinnar koma sífellt greinilegar í ljós, og þær afleiðingar móta fjárlagafrumvarpið í ríkum mæli og mundu gera það enn frekar, ef tekið væri tillit til þeirra launahækkana, sem óhjákvæmilegt er að launþegar fái á næstunni til að vega að einhverju leyti upp á móti dýrtíðarflóðinu.

Vegna gengislækkunarinnar 1960 hækkaði fjárlagafrumvarp þess árs mjög verulega, og því var þá haldið fram, að sú hækkun væri einungis bundin við þá efnahagsaðgerð, síðan yrði brautin bein og endir bundinn á verðbólgunu með stefnu ríkisstjórnarinnar.

Þrátt fyrir, að augljóst var, að viðbrögð ríkisstjórnarinnar í gengismálum, vaxtamálum, skattamálum og innflutningsmálum og yfirleitt á flestum sviðum stefndu beint til þeirrar óðaverðbólgu, sem nú er höfuðstaðreynd efnahagsmálanna, virðist sem forustumenn stjórnarflokkanna trygðu í rauninni á kerfi sitt. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir 1961, þegar afleiðingarnar birtust einkum sem blika á lofti, voru þeir mjög ánægðir með fjárlagafrumvarp sitt. Það átti að vera eins konar sýnishorn væntanlegrar þróunar undir viðreisnarstjórn, og lögd var áherzla á, að útgjaldaaukning frá árinu áður næmi aðeins 2%. Taldi formaður fjárveitinganefndar, að frumvarpið væri „vel innan þeirra takmarka, sem eðlileg mættu teljast á tímum efnahagslegs jafnvægis í þjóðfélaginu“, sem hann virtist ætla að telja sér og öðrum trú um að nú væru runnir upp. Lýsti þáverandi form. fjárveitinganefndar yfir því sem spámaður, að jafnvægi í efnahagskerfinu innanlands og viðskiptum við útlönd mundi skerða mjög hina óeðlilegu árlegu aukningu ríkistekna undanfarin ár, sem nú átti að hverfa með ráðstöfunum, sem fyrst og fremst hlutu þó að auka verðbólgunu.

Það hefur síðan með hverju ári betur sannazt, að það hjartviðri, sem ríkisstjórnarflokkarnir þóttust eygja í öndverðri stjórnartíð viðreisnarstjórnarinnar, var að sjálfsögðu ekki annað en dagmáglenna, og má það undur heita, ef það hefur ekki verið svo vönnum pólitískum veðurspámönnum ljóst þá þegar.

Fljótlega tók blikan að færast upp á himininn, og nú er öllum ljóst, sem í úrfellinu standa, að eftir dagmáglennuna hefur fylgt látlaust steypiregn verðhækkana og dýrtíðar.

Ber fjárlagafrumvarpið því gleggst vitni, en það er um 1100 millj. kr. herra en það frumvarp, sem ríkisstjórnarflokkarnir voru hvað ánægðastir með haustið 1960. Skattar og tollar eru um 400 millj. kr. hærri en á núgildandi fjárlögum, en

sú hækkun nemur um 2200 kr. á hvern mann í landinu. Er verðbólguþróunin orðin svo ör, að jafnvel er nú um meiri hækkunir að ræða en á því ári, sem sjálf aðal-gengislækkunin var framkvæmd, en samkv. kenningum ríkisstjórnarinnar átti hækkun aðeins að koma fram á því ári. Nú þarf ríkisstjórnin ekki gengislækkun til svo stórfelldra hækkana. Áhrif þeirra gengislækkana, sem framkvæmdar hafa verið, duga þar ein til.

Þetta er árangurinn af þeirri stefnu, sem átti að tryggja fast verðlag. Þær stórkostlegu verðhækkunir, sem ríkisstjórnin stofnaði til, og sú kjaraskerðing, sem af því leiddi, hlaut að sjálfsögðu að valda óhjákvæmilegum launahækkunum, og þótt lengur væri unnt að tefja framgang þeirra hjá starfsmönnum ríkisins en öðrum, þá hlaut að koma að því, að einnig í því efni yrði ríkisstjórnin að kljást við afleiðingar stefnu sinnar.

Á þennan hátt koma fram ein af annarri afleiðingarnar af dýrtiðaraukningunni, sem stjórnarstefnan hefur valdið, og enn er fetuð sama leiðin: auknar álögur og auknir skattar. Samtímis stendur ríkisstjórnin að því að heimila gróðafélögum í landinu að hleypa af stað nýjum verðhækkunarskriðum með því að afnema verðlagsákvæði á farmgjöldum, svo að þau hafa nú hækkað um 25—60%. Af hækkuninni fær ríkissjóður auknar toll- og söluskattstekjur og kaupmenn auknar álagningartekjur. Þannig er enn haldið áfram að dæla ólömuðum verðbólguþýklum út í efnahagskerfið, en almenningur má borga brúsann. Upplausnarástandið og jafnvægisleysið, sem nú ríkir í efnahagsmálum eftir 4 ára setu ríkisstjórnarinnar, sem aldrei hefur séð aðrar leiðir en hækkunar- og álöguleiðir, er svo algert, að naumast er fært að gera áætlun um útgjöld ríkissjóðs til heils árs í senn, svo ört snýst verðbólguhjólið, en höfuðsvipur þeirra fjárlaga, sem reynt er að koma saman, er samdráttarstefna um nauðsynlegar framkvæmdir, en áframhaldandi útpenslustefna að því er varðar rekstrarkostnað og skattheimtu.

Í þeim dýrtiðarflaumi, sem stefna ríkisstjórnarinnar hefur valdið, er vonsviknum fulltrúum hennar ef til vill vorkunn að líta sjálfir þannig á, að tilraunir til sparnaðar og hagsýni í ríkisbúskapnum væru þessa dagana jafntilgangslausar og haldlausar og að reynt væri að minnka vatnsmagn Þjórsár með því að ausa úr henni með teskeið. En með tilliti til sérstakra fyrirheita og gamalla loforðalista væri naumast til of mikils mælt, að einhver vottur af viðleitni væri sýndur á einhverju sviði jafnhliða hinni stórfelldu útpenslu og hækkunum.

Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar sjá viðreisnina að sjálfsögðu í öðru ljósi nú en í dagmálagnunni, áður en afleiðingarnar fóru að koma í ljós. En það sjónarmið, að allt sé nú orðið hringavittlaust hvort sem er, má ekki verða allsráðandi í ríkiskerfinu, því að svo klyfjaður sem almenningur er af viðreisnarbyrðum, þá munar hann um hvern baggann, sem hægt væri að létta af, þótt smár væri.

En því miður örlar hvergi á sparnaði við setningu fjárlaga nú. Stundum hefur verið reynt að hafa uppi tilburði um sparnað á einstökum liðum, en nú er allt slíkt lagt á hilluna og stefnt í gagnstæða átt.

Breyting á tilhögun við álagningu skatta, sem framkvæmd var með ráðningu nýrra skattstjóra og afnámi skattanefnda, átti að leiða til sparnaðar. Hann er nú kominn í ljós. Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur hækkar frá núgildandi fjárlögum um rúml. 7 millj. kr. í 15½ millj. kr. eða um 84% á einu ári.

Fjármálaráðherra sagði hinn 24. okt. 1960: „Bifreiðakostnaður ríkisins er í athugun, og verður síðar gerð grein fyrir niðurstöðum þeirra athugana og úrræðum til sparnaðar“. Nú eru 3 ár liðin og niðurstaðan fengin, þótt á annan veg sé en skattþegnar höfðu vonað. Sú niðurstaða er á þá leið, að gert er ráð fyrir því á fjárlagafrumvarpi næsta árs, að kostnaður vegna endurnýjunar ríkisbifreiða hækki úr 1 millj. kr. í 4 millj. kr. Við setningu síðustu fjárlaga hækkaði þessi liður úr 800 þús. kr. í 1 millj. kr.

Útpenslan í ríkishákninu hefur verið gegndarlaus undanfarin ár og staðfestir að því leyti fullkomlega hið fræga Parkinssonslögmál. Á fjárl. fyrir árið 1958,

síðasta ár vinstri stjórnarinnar, var kostnaður við borgardómara-, borgarfógeta- og sakadómaraembættin samtals áætlaður 2.9 millj. kr., en á fjárlagafrv. næsta árs samtals um 13 millj. kr. Hækkunin nemur um 10.1 millj. kr., og hún ein hefði nægt til þess að greiða kostnað við embætti þessi í 3½ ár með sömu útgjöldum og 1958.

Þannig hafa góðu áformin og fögru loforðin um sparnað í ríkisrekstrinum eitt af öðru flotið burt eins og sprek í stórflóði verðhækkanna.

Tillögum um breytingar á hinni geigvænlegu skattheimtu- og verðbólguþefnu ríkisstjórnarinnar verður að sjálfsögðu ekki við komið við afgreiðslu fjárlaga, sem miðuð eru við þær lagabreytingar, sem viðreisnarstjórnin hefur með meirihlutavaldi sínu knúð fram varðandi tekjuskatt, aðflutningsgjöld og söluskatt. Sama er að segja um breytingartillögur við gjaldahlið frumvarpsins, þær takmarkast við þann ramma, sem núgildandi lög setja, þannig að þótt allar breytingartillögur Alþýðubandalagsins við frumvarp til fjárlaga yrðu samþykktar, væri frumvarpið þannig breytt að sjálfsögðu samt sem áður ekki í þeirri mynd, sem Alþýðubandalagið kysi. Hér er aðeins um að ræða tilraun til lagfæringar á fjárlagafrumvarpi viðreisnarstjórnarinnar, sem með stefnu sinni undanfarin ár hefur stóraukið hlut hinna ríkari í þjóðfélaginu á kostnað hinna efnaminni og stofnað til örari verðbólguþróunar í landinu en áður hefur þekkt, svo að nú nálgast upplausnarástand, sem stjórnin ræður ekkert við. Fráhvarf frá þeirri stefnu fæst vitaskuld ekki á annan veg en þann, að almenningur, sem geldur í lífskjörum sínum þessarar stefnu, taki sjálfur í taumana, þegar til hans kasta kemur í þingkosningum, og tryggi breytta stjórnarstefnu.

Nú er við að etja þá afleiðingu af skattþíningar- og verðbólguþefnu ríkisstjórnarinnar, að þeir, sem undir þjóðarframleiðslunni standa og grundvallarverðmætin skapa, lægst launuðu þegnar þjóðfélagsins, hafa lagt niður störf og neita að þola kjaraskerðinguna lengur án bóta. Samtímis því, að mál standa svo og ekkert er augljósara en að snúa verður við af þeirri braut, sem ríkisstjórnin hefur fetað, svo að forðað verði algeru skipbroti, leggur ríkisstjórnin til með fjárlagafrumvarpi sínu, að skattþíningin verði á næsta ári enn aukin um nál. 400 millj. kr. Auk þess er lagt til, að niðurgreiðslur á brýnustu nauðsynjavörum almennings lækki um 92 millj. kr. Alþýðubandalagið hefur frá upphafi og jafnan síðan varað við afleiðingunum af þessari stefnu ríkisstjórnarinnar og gerir það enn við afgreiðslu þessara fjárlaga.

Þrátt fyrir allan ágreining innan fjárveitinganefndar um heildarstefnu í efnahagsmálum hefur mikill fjöldi erinda og mála að sjálfsögðu verið afgreiddur í samvinnu, og skilar nefndin sameiginlega tillögum um margháttáðar leiðréttingar og breytingar á frumvarpinu. Um þær er það að segja, að Alþýðubandalagið styður þær flestar, en hefur óbundna afstöðu til hinna einstöku tillagna.

Veigamikil mál eru enn óafgreidd í nefndinni og bíða 3. umræðu. Má þar nefna raforkumál, sjúkrahúsbyggingar, vegamál og niðurgreiðslu á vöruverði. Alþýðubandalagið leggur ekki fram breytingartillögur í þeim málum, fyrr en þau hafa verið rædd í nefndinni og í ljós kemur, hvort samkomulag næst um afgreiðslu þeirra.

Um þær breytingartillögur, sem nefndarálit þessu fylgja, skal eftirfarandi tekið fram:

Breytingartillögur við 10. gr.

Um árábil hefur Alþýðubandalagið lagt til, að 3 sendiráð á Norðurlöndum verði sameinuð í eitt. Þrátt fyrir yfirlýsingar stjórnarflokkanna um, að að því beri að stefna, bólar ekki á viðleitni til sparnaðar í þessu efni fremur en öðrum. Á fjárlagafrumvarpinu er kostnaður við þessi sendiráð áætlaður 6 150 401 kr. Lagt er til, að á næsta ári verði látið til skara skriða um sparnað að þessu leyti og gert ráð fyrir einu sendiráði í stað þriggja.

Ekki mun á fyrsta ári verða unnt að komast hjá kostnaði af núverandi skipu-

lagi, m. a. vegna fastráðinna starfsmanna. Þó ætti að vera unnt að spara a. m. k. 1.6 millj. kr. þegar á næsta ári og miklu hærri upphæð að ári. Þegar skipulagsbreytingin hefur að fullu verið framkvæmd.

Kostnaður við sendiráðið í París og skrifstofu fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OEEC er óhóflega mikill, jafnmikill og samanlagður kostnaður við sendiráðin í Svíþjóð og Noregi. Lagt er til, að kostnaður við þennan lið verði áætlaður sem næst jafnhár og á núgildandi fjárlögum, og er þó enn um hærri upphæð að ræða en greidd er til nokkurs annars sendiráðs Íslands.

Lagt er til, að sparaður verði kostnaður vegna Þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins, 185 þús. kr. Fulltrúar frá Alþingi Íslendinga eiga ekkert erindi á ráðstefnur hernaðarbandalaga. Landsbúar hafa almennt ákveðnar skoðanir um gagnsemi og nauðsyn slíkra ferðalaga og eru því ófúsir að taka á sig auknar álögur til að greiða kostnað við þau.

Breytingartillögur við 11. gr.

Kostnaður við íslenska „varnarliðið“ á Keflavíkurflugvelli, ríkislögregluna, sem á að annast gæzlu vegna amerísku „verndaranna“, vex með ári hverju, hækkar frá fyrra ári skv. fjárlagafrumvarpinu um tæpl. ½ millj. kr. og var þó ærinn fyrir. Stjórnarflokkarnir hétu eitt sinn sparnaði á þessum lið, en þau sparnaðarheit hafa sem flest önnur skolazt burt í holskeflum útgjaldahækkana. Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir, að kostnaður vegna ríkislögreglu á Keflavíkurflugvelli nemi á næsta ári tæpum 6 millj. kr. Slík soun er á engan hátt réttlæt看leg. Til þessa liðs er þannig áætlað að verja meira fé á fjárlögum en hvort heldur sem er til skógræktar í landinu eða sandgræðslu. Stjórnarliðið virðist staðráðið í að eyða um 50% meira til þessa „varnarliðs“ en verja á til byggingar iþróttamannvirkja í landinu. Lagt er til, að kostnaður við ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli verði lækkaður um tæpar 2 millj. kr.

Á fjárlagafrv. nemur liðurinn til almannaavarna 4 millj. kr. Ekki hafa fengizt neinrar upplýsingar í nefndinni umfram það, sem greinir í aths. með frumvarpinu, um ráðstöfun þessa fjár. Hækkun þessi úr 1 millj. kr. í 4 millj. kr. er að líkindum ákveðin með hliðsjón af ráðagerðum ríkisstjórnarinnar um að leiða stórkostlega hættu yfir landsbúa með því að gera Hvalfjörð að herbækistöð. Áreiðanlega er það meira í samræmi við hagsmuni landsbúa og mun eiga meiri hljómgrunn meðal þeirra, að til þeirrar hættu verði ekki stofnað með því að staðsetja skotmörk á Íslandi, en því fé, sem ætlað er til atómbyrgja, verði í staðinn varið til nauðsynlegra sjúkrahúsbýgginga. Þess vegna er lagt til, að liðurinn lækki í 500 þús. kr., sem nota mætti vegna þess þáttar í hlutverki almannaavarna, er snýr að aðgerðum gegn hættu af náttúruhamförum.

Þrátt fyrir, að tekju- og eignarskattar eru orðnir stórum minni hluti af skattheimtu ríkissjóðs en áður var og aðalskattheimtan sé nú aðflutningsgjöld og sölu-skattur, hefur kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur hækkað stórkostlega og þó langsamlega mest eftir þær skipulagsbreytingar, sem gerðar voru, þegar skattanefndir voru lagðar niður, en kjördæmaskattstjórum bætt við. Var þó heitið sparnaði í sambandi við þær breytingar. Gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., að þessi kostnaður hækki hvorki meira né minna en um 7 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum. Í sambandi við störf skattstofanna er ekki hvað sízt þörf á, að sinnt verði raunhæfu skatteftirliti, svo að komið verði í veg fyrir þau skattsvik, sem enginn efast um að viðhöfð eru í ríki mæli af þeim aðilum, sem aðstöðu hafa til. Lagt er til, að af þeirri óhemjuupphæð, sem varið er til ríkisskattanefndar og skattstofa, verði a. m. k. 3 millj. kr. varið beinlínis til sérstaks eftirlits með skattframtölum.

Breytingartillögur við 12. gr.

Heilsuhælið á Vífilsstöðum er þriggja hæða bygging ásamt kjallara, en í húsinu er engin lyfta. Þótt erfitt muni reynast að láta svo gamalt hús uppfylla nútíma-

kröfur til sjúkrahúsa, þá ætti að vera unnt að bæta úr að þessu leyti. Hvort sem er vegna sjúklinga eða starfsfólks, má það teljast algerlega óviðunandi, að sjúkrahúsið sé lyftulaust. Er því lagt til, að veitt verði byrjunarframlag, 250 þús. kr., til kaupa og uppsetningar á lyftu.

Breytingartillögur við 13. gr.

Það er alkunna, að umferðaröngþveitið á Hafnarfjarðarvegi, þar sem hann liggur um Kópavog, er svo alvarlegt, að ekki verður með neinu móti undan því vikizt að hefjast handa um úrbætur. Fjárveitinganefnd hefur ekki tekið framlag ríkisins til vegamála til afgreiðslu, og frumvarp til nýrra vegalaga liggur fyrir Alþingi. Skv. ákvæðum þess er það verkefni Kópavogskaupstaðar að leysa þetta mál með fjárframlagi frá ríkinu, sem er þó svo lágt, að þeirri geigvænlegu hættu, sem af umferðinni á þessu svæði stafar, verður ekki bægt frá á svo skömmum tíma sem nauðsynlegt er, ef ekki kemur annað til. Er því lagt til, að ríkið veiti sérstakt framlag til þessara framkvæmda á næsta ári, 6 millj. kr., í trausti þess, að frekari fjárframlög fáist með úrbótum á því vegalagafrumvarpi, sem nú er til afgreiðslu á Alþingi.

Gerð er tillaga um hækkun á framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta úr 17 millj. kr. í 25 millj. kr. Á fjárlagafrv. er gert ráð fyrir sömu upphæð og á núgildandi fjárlögum, en fjárveitinganefnd gerir tillögu um hækkun í 17 550 000 kr. Talið er, að kostnaður við hafnarframkvæmdir hafi hækkað um 15% frá s. l. ári, og hækkanir eru fyrirsjáanlegar á næsta ári. Er því í raun um lækkun á framlagi að ræða, en brýn nauðsyn er á að hækka þennan lið til að lækka skuldir ríkissjóðs við sveitarfélögin og gera þeim kleift að þoka áfram þeim hafnarframkvæmdum, sem verða sífellt meir aðkallandi vegna aukins skipastóls og stærri skipa.

Þá er lagt til, að orðið sé við ósk skólustjóra stýrimannaskólans um 25 þús. kr. framlag til útgáfu kennslubóka, sem skólann skortir.

Breytingartillögur við 14. gr.

Með hinu nauma framlagi til íþróttasjóðs undanfarin ár er hann með hverju ári ófærari um að sinna þeim skyldum, sem á hann eru lagðar með lögum. Til þess að sjóðurinn geti fullnægt skyldum sínum, eins og áætlað er, að þær verði á næsta ári, þyrfti framlagið að vera tæpar 30 millj. kr. Er því óhjákvæmilegt, á meðan sjóðnum eru ekki fundnir aðrir tekjustofnar, að framlag ríkisins verði á næstu árum allnokkru hærra en verið hefur. Lagt er til, að framlag til íþróttasjóðs verði hækkað í 5 500 000 kr.

Gerð er tillaga um, að þjóðminjasafnið fái til rannsókna og ferðakostnaðar 100 þús. kr. í stað 40 þús. kr. Framlagið hefur til þessa aðeins dugað til rekstrar bifreiðar. Um engar fornleifarannsóknir getur því verið að ræða, nema framlagið hækki. Sæmir ekki annað en að stofnuninni verði gert kleift að sinna því verkefni, og þyrfti þó framlagið vissulega að vera enn hærra.

Þá er lagt til, að liðurinn: Til skálda, rithöfunda og listamanna, sem hefur hlutfallslega lækkað á undanförunum árum, verði hækkaður um 45% með hliðsjón af meðaltals launahækkun opinberra starfsmanna. Til vara er lagt til, að miðað verði við hækkun almenns verkamannaþess og lífeyrisgreiðslna og framlagið hækkað um sem næst 15%.

Breytingartillögur við 16. gr.

Búreikningaskrifstofa Búnaðarfélags Íslands er þörf stofnun, sem skortir fé til að geta sinnt sínu verkefni. Er lagt til, að komið verði að nokkru til móts við óskir forráðamanna hennar með hækkun framlags úr 100 þús. kr. í 300 þús. kr. Að undanförunu hafa staðið deilur miklar á Alþingi um gildi landbúnaðarins og

stöðu í þjóðarbúskapnum. Óhjákvæmilegt er að tryggja, að skilyrði séu til þess að afla grundvallargagna í þeim málum.

Lagt er til, að framlag til fiskileitar, síldarrannsóknna og veiðitilrauna verði hækkað úr 9 050 000 kr. í 15 000 000 kr. Hér er um að ræða starfsemi, sem getur ráðið miklu um nýtingu alls þess fjármagns, sem í sjávarútveginum er bundið, aflahlut sjómanna og afkomu annarra landsmanna. Aðrar þjóðir, sem þó eiga miklu minna undir sjávarútvegi en Íslendingar, leggja tiltölulega meiri áherzlu á þessa starfsemi en við. Með tilliti til afkomu togaranna er ekki sízt nauðsynlegt, að haldið sé uppi viðtækri og sem stöðugastri fiskileit fyrir þá, en hún hefur svo til legið niðri um alllangt skeið.

Iðnskóli Hafnarfjarðar býr við mjög erfiða aðstöðu í leiguhúsnæði hjá Bókasafni Hafnarfjarðar og þrengir jafnframt að starfsemi þess. Ætlun forráðamanna skólans er að ráðast í byggingarframkvæmdir, og er lagt til, að veittur verði styrkur að upphæð 500 þús. kr. til byggingarinnar.

Breytingartillögur við 17. gr.

Hin geigvænlegu húsnæðisvandræði í bæjunum valda því, að tryggja verður, eftir því sem framast er unnt, byggingu þeirra íbúða, sem helzt mættu teljast fjárhagslega viðráðanlegar alþýðu manna. Sérstök ástæða er því til að styrkja byggingu verkamannabústaða, og er lagt til, að framlag til þeirra verði hækkað úr 7 millj. kr. í 12 millj. kr.

Framlag til Iðnnemasambands Íslands er óeðlilega lágt, miðað við framlag til annarra félagsamtaka, sem flest mega sín þó meir fjárhagslega. Lagt er til, að framlagið hækki úr 15 þús. kr. í 50 þús. kr.

Tillaga er gerð um, að liðurinn: Til orlofsheimila verkalýðssamtaka hækki um 1 millj. kr. og að af framlaginu verði eigi minna en 1 millj. kr. varið til orlofsheimilis Alþýðusambands Íslands, en s. l. sumar voru framkvæmdir hafnar í landi samtakanna í Hveragerði.

Rekstrarstyrkur til sumardvalarheimila, dagheimila og vistheimila fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum hefur lítt sem ekki hækkað undanfarin ár þrátt fyrir aukna dýrtíð og fjölgun dagheimila. Er nauðsyn að létta undir með þessari starfsemi með hærri styrk úr ríkissjóði gegn jafnháu framlagi annars staðar að. Lagt er til, að framlag verði hækkað úr 300 þús. kr. í 600 þús. kr.

Breytingartillögur við 20. gr.

Samtímis margvíslegum úrbótum í byggingarmálum skóla, félagsheimila og ýmissa þátta sjúkrahusbygginga hafa aðgerðir til að bæta aðbúnað geðsjúklinga verið látnar sitja svo á hakanum, að ekki er vansalaust. Aðbúnaður á Kleppi, að því er húsakynni og húsbúnað varðar, er slíkur, að menn gætu ímyndað sér, að slíkt hefði naumast verið talið hæfa fyrir hálfri öld. Því verður alls ekki lengur á frest slegið að veita fé til byrjunarframkvæmda í þessu efni, og er lagt til, að tekinn verði upp nýr liður, byrjunarframlag til byggingar nýs geðveikrahælis, 4 millj. kr.

Listasafn ríkisins er húsnæðislaust, og í verðbólgunni brenna upp þær lágu fjárhæðir, sem veittar hafa verið til byggingarsjóðs listasafnsins. Gerð er tillaga um, að framlagið til byggingarsjóðs safnsins verði hækkað úr 500 þús. kr. í 1 millj. kr.

Á fjárlagafrumvarpinu er liðurinn: Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða 3 millj. kr. hærri en sambærilegur liður á núgildandi fjárlögum, án þess að séð verði, að raunveruleg þörf eða gild ástæða komi þar til. Lagt er til, að liðurinn lækki í 1 500 000 kr.

Fyrir þjóð, sem byggir svo mjög afkomu sína á sjávarútvegi sem Íslendingar, er það fjárhagslega óskynsamlegt að eiga ekki fullkomið haf- og fiskirannsóknar-

skip, auk þess sem það ætti að vera metnaðarmál, að þjóðin eigi slíkt skip, ekki síst þegar á það er litið, að við eigum á að skipa hinum færustu sérfræðingum til starfa. Allt of hægt hefur miðað í þá átt, að af framkvæmdum verði, og er lagt til, að Alþingi sýni hug sinn í þessu máli með því að samþykkja sérstaka fjárveitingu, 3 millj. kr., til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips.

Alþingi, 13. des. 1963.

Geir Gunnarsson.